

## Tillaga til þingsályktunar

um fríverslun við Bandaríkin.

Flm.: Birgir Þórarinnsson, Ragnheiður E. Árnadóttir, Jón Gunnarsson,  
Ásmundur Einar Daðason, Árni Johnsen, Gunnar Bragi Sveinsson.

Alþingi ályktar að fela utanríkisráðherra að óska eftir viðræðum við ríkisstjórn Bandaríkja Norður-Ameríku um gerð tvíhliða fríverslunarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna.

### Greinargerð.

Það er lykilatriði í endurreisn íslensk efnahagslífs að tryggja íslenskum fyrirtækjum bestu mögulegu viðskiptakjör. Tollfrjáls aðgangur að einum stærsta markaði heims, Bandaríkjamarkaði, er mjög mikilvægur í þessu sambandi. Með tilkomu fríverslunarsamnings við Bandaríkin mundu bandarískar vörur lækka í verði til hagsbóta fyrir íslenska neytendur og fyrirtæki. Sóknarhagsmunir Íslands liggja í því að tryggja greiðan aðgang að Bandaríkjamarkaði fyrir útflutningsvörur, sérstaklega fiskafurðir og iðnaðarvöru. Sú grundvallar-breyting hefur orðið undanfarin ár að hagsmunir Íslands liggja ekki einungis í verslun með sjávarafurðir heldur hefur Ísland verulegra hagsmuna að gæta á nánast öllum sviðum og ekki síst hvað varðar hátækni, lyf og þjónustu.

Fríverslunarsamningur við Bandaríkin felur í sér mikil tækifæri fyrir íslenskar landbúnaðarvörur. Má þar helst nefna lambakjöt, skyr og osta enda hafa téðar vörur verið á boðstólnum í Bandaríkjunum um nokkurra ára skeið og hafa fengið þar mjög góðar viðtökur. Lækkun smásöluverðs til bandarískra neytenda, í gegnum tollaívilnanir, ætti að skila sér í aukinni sölu sem leiða mundi til aukinnar framleiðslu íslenskra landbúnaðarvara.

Bandaríkin hafa gert fríverslunarsamninga við 17 ríki og á meiri hluti þeirra það sammerkt að teljast smá. Ísland er lítið land í samfélagi þjóðanna og af þeim sökum ætti landið að falla vel að samningamódeli Bandaríkjanna og góðar líkur vera á að samningar takist.

Það er eðli fríverslunarsamninga að þeir eru gagnkvæmir en í því felst m.a. að báðir aðilar telja sig hafa hag af því að gera slíka samninga. Hagur Bandaríkjamanna yrði ekki síst sá að þeir gætu nýtt Ísland sem umskipunarhöfn fyrir flutninga á Evrópumarkað. Lega landsins gæti þannig orðið til þess að Ísland yrði milliliður fyrir viðskipti milli Bandaríkjanna og meginlands Evrópu. Þá gæti einnig orðið hagkvæmt að flytja hálfunnar vörur frá Bandaríkjunum til Íslands, fullvinna þær hér á landi og selja í öðrum Evrópulöndum. Ef löndin ná samningum um sk. upprunareglur gætu fjölmörg störf skapast hér á landi í tengslum við samninginn. Á Suðurnesjum mundi til að mynda nálægð við alþjóðaflugvöll og höfnina í Helguvík gegna mikilvægu hlutverki.

Viðræður milli landa við gerð fríverslunarsamninga taka oft langan tíma. Það er þó ekki algild regla en orð eru til alls fyrst. Ef pólitískur vilji er til staðar af beggja hálfu ættu viðræður og staðfesting samnings að taka tiltölulega skamman tíma. Í þessu samhengi þarf að hafa hraðan á við afgreiðslu þingsályktunartillögunnar á Alþingi. Hafa ber í huga að fari svo að Ísland gangi í Evrópusambandið, mun Ísland eitt og sér hafa skerta heimild til að gera

tvíhliða fríverslunarsamninga og yrðu slík samningagerð fyrir landsins hönd á könnu Evrópu-sambandsins.

Hugmyndin um fríverslunarsamning við Bandaríkin er ekki ný af nálinni. Könnunarviðræður fóru fram á vettvangi EFTA fyrir nokkrum árum en þær skiluðu ekki tilætluðum árangri. Margt hefur hins vegar breyst á þeim tíma sem liðið hefur og er ástæða til að ætla að viðhorf Bandaríkjamanna séu jákvæðari núna en þau voru þá. Teikn eru á lofti um að þeir vilji bæta samskipin milli landanna en þau hafa heldur minnkað frá því að varnarliðið hvarf af landi brott. Við þetta má einnig bæta að utanríkisráðherra Bandaríkjana, Hillary Clinton, gat þess m.a. sérstaklega í sjónvarpsávarpi til Íslendinga 17. júní sl. að Íslendingar gætu reitt sig á trausta vináttu og stuðning Bandaríkjamanna í þeim efnahagsferfiðleikum sem að stöðja.

Að jafnaði hafa fulltrúar atvinnulífsins á Íslandi með atbeina utanríkisráðuneytisins haft frumkvæði að gerð fríverslunarsamninga. Skýr viljayfirlýsing Alþingis í þessum efnunum er mikilvæg og vegur þungt. Hana mætti túlka sem ósk um stuðning vegna mikilla efnahagsferfiðleika. Stuðning sem grundvallast á áratuga vináttu og gagnkvæmum viðskiptum á sama tíma. Á slíkum forsendum mætti nálgast viðræður eða einstaka þætti samningsgerðar.

Leita ber allra leiða til þess að styrkja stöðir íslensk efnahagslífs á erfiðum tímum. Fríverslunarsamningur við Bandaríkin ætti að skapa framtíðarmöguleika, ný og eftirsóknarverð tækifæri á fjölmörgum sviðum. Af þeim sökum fjallar þingsályktunartillagan um tækifæri sem Alþingi á að hafa frumkvæði að því að nýta.